

Stefna okkar

Stefna okkar er að vera sjálfbær samstarfsaðili og styðja við athafnalíf í nærsamfélaginu þar sem við störfum.

Markmið okkar er að byggja upp traust tengsl við samstarfsaðila okkar ásamt því að eiga í nánú sambandi við fjölbreytta birgja í nærsamfélaginu.

Skuldbinding okkar er að starfsemi fyrirtækisins nýtist til að auka innkaup og þjónustu á starfssvæði þess með sjálfbærni að leiðarljósi. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag og leggjum mikinn metnað í að byggja hagkvæm og traust viðskiptasambönd við samstarfsaðila.

Nálgun okkar byggir á 4 stoðum: *Skilja og skilgreina, mæla og skýra, bæta og aðlaga, og byggja upp menningu og samstarfsaðila*. Þessar stoðir leggja grunninn að því að tryggja langtímaárangur í rekstri fyrirtækisins. Við styðjum stjórnendur, innkaupateymi og viðskiptafélaga í því að ná markmiðum Rio Tinto um að veita tækifæri fjölbreyttum fyrirtækjum í nærsamfélaginu, með innkaupastaðla okkar, verklagsreglur og stefnu að leiðarljósi. Nálgunin miðar að því að auka afköst, getu og samkeppnishæfni samstarfsfyrirtækja til að taka þátt í starfsemi Rio Tinto og þróa og styðja við efnahagslega sjálfbærni á starfssvæði fyrirtækisins, nærsamfélaginu og Rio Tinto til hagsbóta.

Skilja og skilgreina	Mæla og skýra	Bæta og aðlaga	Byggja upp menningu og samstarfsaðila
<ul style="list-style-type: none"> Skilja aðferðir, skuldbindingar og góðar starfsvenjur á starfssvæði fyrirtækisins 	<ul style="list-style-type: none"> Bæta skráningu og skýrslugerð Mæla með einföldum hætti og skrá afköst sem borin eru saman við markmið úr samningum og stefnumörkun vinnustaðarins 	<ul style="list-style-type: none"> Auka viðskipti við fjölbreytta samstarfsaðila í nærsamfélagi Fella staðbundnar og fjölbreyttar innkaupaaðferðir inn í RTP kerfi og ferla 	<ul style="list-style-type: none"> Byggja upp fyrirtækjamenningu sem næm er fyrir innkaupa- og starfsháttum á svæði sínu Efla innra og ytra samstarf sem styður við fjölbreytt og staðbundið viðskiptalíf í nærsamfélaginu